

Lögfræðipjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. kt. 570800-2560
Sigtúni 42 Box 8552 - 128 Reykjavík
Sími 578 7805 – 892 1303 – Netfang: sigurdursig@gmail.com
Sigurður Sigurjónsson hrl.

Umhverfisstofnun
bt. Sigurðar Ingasonar
ust@ust.is.

Reykjavík, 27.12.2018.

Efni: Auglýsing tillögu um starfsleyfi fyrir fiskeldi í Núpamýri.

Fyrir hönd eigenda jarðarinnar Núps í Norðurþingi þeirra Bjargar Guðmundsdóttur og Jóns Ingimundarsonar vil ég koma á framfæri andmælum og athugasemdum vegna tillögu um útgáfu starfsleyfis fyrir fiskeldisstöð í landi umbj.m. að Núpi í Öxarfirði.

Umbj.m. hafa átt í samskiptum við Samherja- fiskeldi ehf. vegna starfsemi stöðvarinnar. Hafa komið fram athugasemdir af þeirra hálfu vegna þess að þau telja að Samherji hafi gróflega brotið samningsskilmála. Hafa þau ákveðið að framlengja ekki leigusamningi, sem rennur úr árið 2022.

Fyrir liggur að Samherji hefur í leyfisleysi tekið landsvæði undir rekstur sinn með yfiringi og misboðið öllu umhverfi að áliti umbj.m.

Samherji-fiskeldi ehf. hefur algerlega án vitundar og heimildar umbj.m. látið deiliskipuleggja land umbj.m. Hefur verið komið á framfæri við sveitarstjórn kröfu um stöððvun deiliskipulags og úttekt á mannvirkjum á svæðinu, sem eru að nokkru reist án heimildar byggingaryfirvalda og umbj.m.

Eins og mál þetta er vaxið fær útgáfa starfsleyfis til framleiðslu á 3000 tonnum alls ekki staðist.

Ég leyfi mér að senda yður hjálagt erindi umbj.m. til Samherja og Norðurþings og vænti þess að þér kynnið yður erindin.

Umbj. m. hafa bent á, að stóraukin vatnstaka í Núpasmýri hafi gerbreytt öllu lífríki og vatnsbúskap á svæðinu og valdið tjóni. Umbj.m. gera kröfu til þess að Umhverfisstofnun beiti sér fyrir rannsóknum á svæðinu m.t.t. þessa en síðustu rannsóknir voru gerðar fyrir nær 30 árum.

Skorað er á Umhverfisstofnun að falla frá tillögu sinni.
Umbj.m. áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum og leggja fram frekari gögn og skýringar verði þess óskað.

Virðingarfyllt



Sigurður Sigurjónsson hrl.

Hjálagt eru eftirfarandi bréf:

Leigusamningur

Bréf til Samherja dags. 1.9. 2018

Bréf til Samherja dags. 5.11.2018

Bréf til Norðurþings dags. 5.11.2018